

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 9. maí 2022
UST202204-065/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Eyvindartunga – Lönguhlíðarnáma. Umsögn

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. dags. 6. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um ofangreint deiliskipulag.

Að mati Umhverfisstofnunar gætu skilmálar deiliskipulagsins verið mun ítarlegri varðandi tilhögun efnistökkunnar og frágangs. Þar sem efnistakan mun standa yfir um nokkuð langan tíma ætti í ljósi staðsetningar námunnar við fjölfarinn ferðamannaveg að gera ítarlegri kröfur um efnistökuáætlun en hér er sett fram.

Umhverfisstofnun telur að tilkynna eigi framkvæmdina til Skipulagsstofnunar til að skera úr um hvort hér sé um matsskylda framkvæmd að ræða vegna magns efnis sem fyrirhugað er að taka.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur